

## Henry Ford sem heimspek- ingur.

### I.

Einn af vinum mínum vestan hafs, skáldið Þorskabítur, mikill gáfumaður, sendir mjer úrklippu sem mjer þykir sjerstaklega miklið til koma. Þar er sagt frá ritgerð eftir bifreiðakónginn Henry Ford, sem birt er í febrúarheftinu af Hearsts International-Cosmopolitan Magazine. Er þar skemst af að segja, að mesti auðmaður jarðarinnar er þarna farinn að boða kenningar Nýals, og er óhætt að telja með stórfíðindum. Er þarna eitt hið eftirtektarverðasta tákni tímann, og kemur enn greinilega í ljós, hve mjög Ameríkumenn eru á undan. Lætur Ford þá skoðun í ljós, í þessari grein sinni, að maðurinn komi eftir dauðann fram í nýjum líkama, á annari stjörnu, og fari síðan stjörnu af stjörnu, til að aukast að orku og þekkingu. Svo nálægt fer höfundurinn fánaorðum Nýals (ultra religionem) að hann kveðst halda fram ar en kenningar kristinnar trúar.

### II.

Óhugsandi er það að vísu ekki alveg, að Ford hafi sjeð getið um kenningar mínar, því að þeirra hefir verið getið að nokkru í tímaritum með heimsútbreiðslu. En þó þykir mjer ólíklegra að um þess konar áhrif komi þar til greina. Er það Ford til hins mesta hróss, að áhrif þau, skuli ekki hafa snúist um í þessa vanalegu austrænu speki, sem getur einmitt ekki bjargað mannkyninu, þó að margir hafi það haldið, bæði fyr og síðar. Það er hið vestræna vit, sem verður að treysta á, mannkyninu til bjargar. Og nú fer að líða að því, að heimurinn uppgötvi þýðingu hinna íslensku þjóðar, fyrir þetta hið stærsta mál. Er í þessu sambandi mjög eftirtektarvert, hvernig einn af ágætustu landfræðingum, sem nú eru uppi, Ellsworth Huntington, skrifar um Íslendinga í bók sinni Character of Races, sem dr. Guðm. Finnbogason á þökk skilið fyrir að hafa valið eftirtekt á. Á bls. 372 í bók þessari segir Huntington: Það er sannkallaður gleðiboðskapur, hvernig eiginleikar úrvals forfeðra hafa leitað í ættir á Íslandi, og hversu góður sá arfur er ennþá, eftir þúsund ár.

Helgi Pjeturs.

18.4.26

Mbl.